

1. Setning fundar

Formaður setur síðasta fund starfsvetrarins. Eygló er boðið að kveikja á kertunum. Formaður ber kveðjur frá fjarstöddum konum en óvenju margar eru fjarverandi bæði vegna vinnu og ævintýraferða í fjarlægum löndum.

2. Lestur fundargerðar

Fundargerð síðasta fundar er lesin af ritara, og fundargerð samþykkt.

3. Erindi frá stjórn

a. Ávarp formanns

Formaður fer yfir dagskrá fundarins. Í ávarpi rifjar formaður upp hvað búið er að gera á starfsvetrinum. Stjórn hélt sinn fyrsta fund í ágúst. Alls voru sjö félagsfundir haldnir og að meðaltali mættu 19 konur á fund. Fyrsti fundur var haldinn 2. október í Zontahúsinu og var Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir rithöfundur, gestur. Annar fundur vetrarins var haldinn 1. nóvember í Brekkuskóla, gestur var Hrund Hlöðversdóttir. Á fundinum voru margar félagskonur sem fengu afmælisgjafir en árið 2022 voru mörg stórafmæli. Sameiginlegur jólafundur (3. fundur) var 24. nóvember og var það vel heppnaður fundur enda var skipulagið að mestu hjá Betadeild. Fræðandi erindi var frá Krístinu Margréti Jóhannsdóttur, lektor við Háskólann á Akureyri. Nýtt ár hófst á bóka fundi í janúar og var það fjórði fundur. Á bóka fundi er ávallt góð þátttaka. Fimmti fundur var helgaður vígslu nýrra félagskvenna og var hann haldinn í heimahúsi Önnu Þóru og er henni þakkað fyrir að opna heimili sitt til að taka á móti félagskonum. Mikil gleði er með að fá kröftugar konur inn í deildina, þær Vöku og Ólöfu Ásu. Sjötti fundur var haldinn í VMA í apríl og var gestafyrirlesari okkar kona, Aníta Jónsdóttir. Í dag er sjöundi og síðasti fundur þessa starfsvetrar og þá heiðrar Betadeild fræðikonur fyrir nýbúafræðslu og móttöku flóttamanna. Það er gert í tilefni af 45 ára afmæli deildarinnar.

Fram kemur hjá formanni að fyrsta starfsár nýrrar stjórnar hafi gengið ágætlega, nánast hafi verið fundur mánaðarlega. Þá er nefnt að tengsl við eldri félagskonur séu mikils metin. Næsta vetur er stefnt á skemmtilegt og fræðandi starfsár. Formaður þakkar félagskonum fyrir samstarfið á þessu starfsári.

Í framhaldinu er rætt um tímasetningu haustferðar, rætt er um tímasetningar í lok ágúst, byrjun september eða um miðjan september.

b. Þakkir til afmælisnefndar

Formaður þakkar afmælisnefnd sérstaklega fyrir skipulagið á lokafundi vetrarins. Nefndin skipar þær, Elínu Elísabetu Magnúsdóttur, Eygló Björnsdóttur, Fríðu Pétursdóttur og Þorgerði Sigurðardóttur.

4. Önnur mál

Þingið í Finnlandi

Formaður ræðir að enn sé tími til að skrá sig á þingið í Finnlandi, dagskráin sé afar áhugaverð.

Landssambandsþingið um miðjan maí

Í framhaldinu ræðir Aníta um Landssambandsþingið sem hún sótti í maí en þar vakti athygli hvað það voru fáar konur frá Betadeild. Bent er á að Betasystur séu virkar í samtökunum og því áminning um að halda áfram að láta til okkar taka á Landssambandsþingum og ráðstefnum á Íslandi. Aníta ber fundinum kveðjur frá þinginu. Fram kemur að dagskráin hafi verið afar fróðleg – yfirheitið var „Menntun framtíðar“. Margir góðir fyrirlesarar hafi stigið á stokk og mikil hátíðardagskrá. Að ári er vorráðstefna og þá mun Aníta blikka félagskonur.

Vegna heiðrunar

Eygló – ræðir að hnoða saman smá fréttatilkynningu á Akureyri.net og víðar til að láta vita af heiðrun Betadeildar. Fram kemur að Þorgerður sé þegar komin með drög sem vinna megi með. Tilkynningin væri til að vekja athygli bæði á heiðursgesti og samtökunum.

Í framhaldinu er rætt að verið sé að taka saman gögn deildarinnar fyrir Héraðsskjalasafnið.

5. Heiðrun Helgu Hauksdóttur

Formaður ræðir að deildin hafi átt 45 ára afmæli árið 2022 og það hafi skapast hefð að heiðra konu á Norðurlandi sem hefur skapað sér nafn fyrir sín ævistörf. Aðalbjörg býður Þorgerði Sigurðardóttur að taka við stjórninni. Þorgerður býður Helgu Hauksdóttur velkomna. Hún fer með orð til Helgu, byrjar á því að kynna henni deildina og fer svo yfir menntun og starfsferil Helgu og hennar óeigingjarna starf í þágu menntamála varðandi tvítýngd börn og fjölskyldur þeirra. Þá er farið yfir hvaða konur hafa verið heiðraðar af Betadeild. Fram kemur að Helga sé ómetanleg fyrir menntakerfið á Akureyri, kennara, nemendur og fjölskyldur þeirra, hún fylgist með sínu fólki þótt það útskrifist úr grunnskólunum. Þorgerður fer yfir stöðuna í dag í hverjum grunnskóla. Alltaf sé gleði og útgeislun hjá Helgu og hún brenni fyrir starf sitt. Henni sé ekkert ómögulegt. Hún er jákvæð og sér björtu hliðarnar á öllu, faglegur leiðtogi og frábær stjórnandi. Eftir ræðu Þorgerðar er Helgu afhentur virðingarovottur frá deildinni.

Helga tekur við heiðursskjali, gjöf og rós og er mjög þakklát. Hún segir frá símtalinu sem hafi komið henni mjög á óvart en hún sé þakklát og glöð fyrir að okkur hafi hugkvæmst hún til að heiðra. Helga segir frá árum sínum Húsabakka og í Oddeyrarskóla og þróunarverkefnum sem hún vann að í mörg ár í Oddeyrarskóla, (foreldrasamstarf og 1.-4. Bekkur, opið hús). Henni þykir vænt um verkefnið sem hún tók þátt í. Hún ræðir einnig erlendu nemendurna sem hún hefur myndað mikla vináttu við í mörgum tilfellum. Helga les að lokum upp úr bók fyrir félagskonur sem heitir *Selur kemur í heimsókn* og fer einnig með ljóð, (*Að hugsa um börn eins og snjókorn*).

Að heiðrun lokinni ræðir formaður að það sé margt til umhugsunar eftir orð Helgu.

6. Tónlistaratriði

Sesselja Ólafsdóttir er með tónlistaratriði. Hún er tónlistarkona, vandræðaskáld, ritlistarkennari, athafnastjóri og er nýjasti bæjarlistarmaður Akureyrarbæjar. Sesselja flytur þrjú lög. Konur taka undir í einu laginu enda fljótar að læra texta utanbókar.

7. Kvöldverður

Boðið er upp á grillað lambalæri og meðlæti, kaffi og konfekt. Tekið er upp léttara hjál þar til matur er framreiddur og njóta svo konur kvöldverðarinnar.

8. Hapdrætti

Umræður verður um pyngjuna og poka fyrir happdrættisnúmerin. Rætt er að hafa báða möguleika þ.e. að greiða rafrænt og einnig halda pyngjunni. Dregið er í happdrætti og dregur Helga Hauksdóttir, heiðursgestur vinningshafann. Vinningin hlýtur Vaka Óttarsdóttir.

9. Fundarslit

Formaður þakkar fyrir veturinn og ræðir að samskiptin hefjist aftur í haust. Þá verður farin haustferð, gleði og gaman sem tilkynnt verður síðar. Aðalbjörg býður Eygló að slökkva á kertunum.

Formaður slítur fundi formlega.

Fleira ekki gert og fundi slitið/SRJ